

Afkomutilkynning VBS fjárfestingarbanka

6 mánaða uppgjör 2009

Afkoma VBS fjárfestingarbanka hf. á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 er neikvæð um 4.325 milljónir króna. Samkvæmt árshlutareikningi tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2009 nemur eigið fé 4,7 milljörðum króna og er eiginfjárhlutfall bankans (CAD) 15,2%.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi VBS fjárfestingarbanka fyrir tímabilið 01.01. – 30.06.2009

- Tap bankans eftir skatta nam 4.325 milljónum króna.
- Hreinar vaxtatekjur voru neikvæðar um 1.357 milljónir króna samanborið við 334 milljóna króna hreinar tekjur á sama tímabili 2008
- Þóknunartekjur námu 72 milljónum króna.
- Hreinar rekstrartekjur námu 880 milljónum króna.
- Rekstrarkostnaður tímabilsins nam 565 milljónum króna samanborið við 473 milljónir króna á sama tíma 2008
- Launakostnaður var 23,7% lægri en á sama tímabili 2008
- Virðisrýrnun nam 5,2 milljörðum króna á tímabilinu.
- Eignir drógust saman um 28,9% á tímabilinu og eru nú ríflega 40 milljarðar.
- Skuldir lækkuðu um 25,4% á tímabilinu og nema nú 35,3 milljörðum.
- Eigið fé lækkaði úr 8,9 milljörðum króna í árslok 2008 í 4,7 milljarða 30. júní 2009
- Eiginfjárhlutfall reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 15,2%

Reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á árinu 2008 og í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2008.

Lykiltölur og kennitölur úr árshlutareikningi

| Rekstrarreikningur | 6 mán. 2009 | 6 mán. 2008 | 6 mán. 2007 | 6 mán. 2006 | 6 mán. 2005 |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Vaxtatekjur | 1.781.912 | 3.159.081 | 963.237 | 482.579 | 147.751 |
| Vaxtagjöld | 3.138.434 | 2.825.083 | 578.832 | 666.932 | 77.115 |
| Hreinar vaxtatekjur | -1.356.522 | 333.998 | 384.405 | -184.353 | 70.636 |
| Hreinar þjónustutekjur | 71.609 | 447.498 | 872.446 | 235.219 | 172.328 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.164.463 | -663.491 | 526.308 | -83.646 | 101.643 |
| Hreinar rekstrartekjur | 879.550 | 118.005 | 1.783.159 | -32.780 | 344.607 |
| Laun og tengd gjöld | 227.581 | 298.543 | 320.741 | 90.676 | 100.695 |
| Rekstrarkostnaður | 337.480 | 174.822 | 76.857 | 75.133 | 46.040 |
| Rekstrargjöld alls | 565.061 | 473.365 | 397.598 | 165.809 | 146.735 |
| Virðisrýrnun viðskiptavildar | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Virðisrýrnun útlána | 5.191.184 | 764.974 | 33.661 | 18.149 | 7.904 |
| Tap/Hagnaður fyrir skatta | -4.876.695 | -1.120.334 | 1.351.901 | -216.738 | 189.968 |
| Tekjuskattur | -552.144 | -249.370 | 238.140 | -43.496 | 33.569 |
| Tap/Hagnaður tímabils | -4.324.551 | -870.964 | 1.113.761 | -173.243 | 156.399 |
| Efnahagsreikningur | 30.6.2009 | 31.12.2008 | 31.12.2007 | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
| Handbært fé og kröfur á lánastofnan | 8.768.565 | 13.499.206 | 1.351.424 | 151.576 | 277.716 |
| Lán og kröfur | 19.133.461 | 26.442.809 | 24.690.796 | 9.304.144 | 4.761.686 |
| Veltufjáreignir og fjáreignir á gangvi | 813.741 | 3.389.695 | 5.714.831 | 5.686.838 | 996.056 |
| Aðrar eignir | 11.317.280 | 12.940.907 | 3.468.087 | 1.693.238 | 325.022 |
| Eignir samtals | 40.033.047 | 56.272.617 | 35.225.138 | 16.835.796 | 6.360.480 |
| Lántaka | 32.861.056 | 44.369.577 | 24.376.116 | 9.260.188 | 4.128.555 |
| Víkjandi lántökur | 1.142.817 | 1.028.785 | 500.936 | 473.818 | 412.917 |
| Aðrar skuldir | 1.290.189 | 1.931.700 | 2.029.567 | 962.286 | 568.681 |
| Eigið fé | 4.738.985 | 8.942.556 | 8.318.519 | 6.139.504 | 1.250.327 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 40.033.047 | 56.272.617 | 35.225.138 | 16.835.796 | 6.360.480 |
| Kennitölur | | | | | |
| Eiginfjárpáttur A | 12,2% | 15,6% | 20,9% | 16,8% | 21,2% |
| Eiginfjárhlutfall (CAD) | 15,2% | 17,4% | 22,3% | 20,8% | 28,3% |

Umfjöllun um niðurstöður

Árshlutauppgjör VBS fjárfestingarbanka hf. sýnir að rekstur bankans hefur verið erfiður á fyrri hluta ársins. Hreinar vaxtatekjur eru neikvæðar um 1.357 milljónir króna, og skýrist það að stórum hluta af gjaldfærslu á hluta þess hagræðis sem tekjufært var á árinu 2008 vegna núvirðingar láns frá Ríkissjóði. Einnig skýrist neikvæður vaxtamunur af því að bankinn reiknar sér ekki tekjur af umtalsverðum hluta lánasafnsins vegna vafa um fulla innheimtu þeirra við núverandi aðstæður.

Þóknunartekjur hafa dregist talsvert saman og námu 72 milljónum króna miðað við 447 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Aðrar rekstrartekjur eru hins vegar hærri nú en á árinu 2008 en meðal annarra tekna er færður hreinn hagnaður sem myndast í skuldauppgjörum við lánardrottna bankans.

Virðisrýrnun útlána og annarra eigna er stór þáttur í afkomu tímabilsins. Fjárhæð hennar er 5,1 milljarður króna og nemur afskriftareiknigur útlána nú liðlega 36% af útlánnum bankans. Efnahagsaðstæður í landinu og stöðnun á fasteignamarkaði hafa orðið til þess að nokkur óvissa hefur skapast um mat á tryggingum fyrir útlánnum bankans sem leiðir til að þess að rétt þykir að auka verulega framlög í afskriftareikning.

Niðurstaða rekstarreiknings bankans er að tap varð af rekstrinum á fyrri hluta ársins 2009. Nemur tapið 4.325 milljónum króna eftir skatta.

Í samræmi við markmið bankans drógust heildareignir talsvert saman og er niðurstöðutala efnahagsreiknings 40 milljarðar króna samanborið við 56,3 milljarða króna í byrjun árs. Lækkun eigna stafar af ráðstöfun á hluta krafna á lánastofnanir til lækkunar á skuldum, afhendingu útlána og fullnustueigna í skuldauppgjörum, auk virðisrýrnunar.

Að sama skapi lækka skuldir bankans verulega eða um 12 milljarða króna. Frá hruni bankanna hefur verið unnið að skuldauppgjöri við þá og aðra stóra lánardrottna bankans. Stórir áfangar hafa náðst í þeirri vinnu og hefur tekist að semja um fullnaðaruppgjör á stærstum hluta þeirra skulda sem um ræðir.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok júní er 15,2% en má lægst vera 8% skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Starfsmenn bankans eru nú 38 talsins.

Horfur

Rekstur fjármálafyrirtækja er snúinn um þessar mundir. Staða fjömggra íslenskra fyrirtækja hefur versnað til muna það sem af er ári. Það veldur því að enn voru aukin framlög í afskriftarreikning til að mæta væntum útlánatöpum. VBS fjárfestingarbanki hefur því samanlagt, lagt liðlega þriðjung útlánasafns síns í afskriftarreikning til að mæta óvissu í starfsumhverfi bankans. Með hliðsjón af þessum aðstæðum í íslensku efnahagslífi er ómögulegt að fullyrða að ekki þurfi að auka enn framlög í afskriftarreikning og því mikilvægt að línur taki skjótt að skýrast í íslensku efnahagsumhverfi og batamerki fari að sjást. Það er trú okkar að með þeim skrefum sem verið er að stíga í þeim efnum, svo sem með afgreiðslu Alþingis á samkomulagi við Breta og Hollendinga og samningar við kröfuhafa hinna föllnu banka séu forsendur að skapast til efnahagslegrar endurreisnar. Engu að síður, býr bankinn við sterkt eiginfjárhlutfall og hefur enn bolmagn til að mæta erfiðum aðstæðum.

Það er okkar trú að í erfiðleikunum felist einnig tækifæri fyrir bankann. Framundan eru krefjandi verkefni fyrir starfsfólk bankans að vernda verðmæti og vinna að nýjum verkefnum. Það sem af er ári 2009 hefur bankinn sinnt hefðbundinni þjónustu á sviði eignastýringar, miðlunar skuldabréfa og ráðgjafar á fyrirtækjasviði. Auk þessarar þátta hefur VBS boðið fyrirtækjum upp á nýjan valkost, ÞREKPRÓF VBS sem mælst hefur vel fyrir en ÞREKPRÓFIÐ er öflugt tól fyrir stjórnendur og eigendur fyrirtækja til að greina þróun stærða í rekstrar- og efnahagsreikningum með það að markmiði að meta kraft þeirra og þol til áframhaldandi reksturs.

Áréttað er að ætlanir okkar gera ráð fyrir áframhaldandi útlánatöpum ásamt því að leitað verður tækifæra til sóknar. Í endurskoðaðri stefnumótun er áfram lögð áhersla á að byggja upp traust og sveigjanlegt samband við viðskiptavinum og veita þeim framúrskarandi þjónustu. Þá mun bankinn áfram einbeita sér að eflingu kjarnastarfsseminnar með það að markmiði að leggja sitt af mörkum til að taka þátt í uppbyggingu íslensks athafnalífs.

Nánari upplýsingar veitir:

Jón Þórisson
Forstjóri
jon@vbs.is
570 1202
842 2202

